

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Samkvæmdastjóri



Byggðasamlag
Vestfjarða
um málefni fatlaðs fólks

Upphafið á BsVest

- Þann 1. janúar 2011 færðist þjónusta við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.
- Öll sveitarfélögin á Vestfjörðum stofnuðu Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks til að sinna þessu nýja hlutverki.
- Vestfirðingar þurftu að sækja um undanþágu, undanþágan var í gömlu lögunum en í nýju lögunum er undanþágan ekki lengur inni.
- Þjónustusamningur var gerður milli sveitarfélaganna og BsVest.



Vestfjörðum er skipt upp í fjögur félagsþjónustusvæði sem eru:

- Félagþjónusta Ísafjarðarbæjar –
Ísafjarðarbær og Súðavík
- Félagþjónustan við Djúp –
Bolungarvíkurkaupstaður
- Félagþjónusta Stranda og Reykhólahrepps -
Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Reykhólahreppur.
- Félagþjónusta Vestur Barðastrandarsýslu -
Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.



Stjórnunarstöðugildi BsVest hjá sveitarfélögum

Ráðgjafapjónusta er veitt á öllum félagsþjónustusvæðunum. Stöðugildum í ráðgjöf og stjórnun var skipt niður í lok árs 2010 eftir skiptingu frá svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, rétt áður en yfirfærsla á málefnum fatlaðs fólks fór fram.

- Ísafjarðarbær 2,02% stöðugildi
- Bolungarvík 0,27% stöðugildi
- Súðavík 0,07% stöðugildi
- Félagsþjónusta Stranda- og Reykhóla 0,48% stöðugildi
- Vesturbyggð/Tálknafjörður 0,16% stöðugildi



Markmið þjónustusamningsins sem gerður var eru:

- Tryggja fötluðu fólki samþætta og heildstæða nærþjónustu.
- Laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þess.
- Efla félagsþjónustu á svæðinu.
- Þróa samstarf sveitarfélaga á svæðinu.
- Stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta



Grundvallarsjónarmið samningsins eru byggð á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

- Virðing fyrir mannlegri reisu, sjálfræði og sjálfstæði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir.
- Bann við mismununun.
- Full þátttaka fatlaðs fólks sem á að geta tekið virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar.
- Virðing fyrir því sjónarmiði að fötlun einstaklinga sé mismunandi.
- Jöfn tækifæri.
- Aðgengi.
- Jafnrétti kynjanna.



- Fagleg stjórnun málaflokksins þ.á.m samræming þjónustunnar, tillaga að skiptingu fjármagns, reglur og fleira er í höndum verkefnahóps sem er skipaður af félagsmálastjórum hjá hverju þjónustusvæði fyrir sig á Vestfjörðum og framkvæmdastjóra BsVest.
- Félagspjónusturnar eru fjórar og sjá um alla daglega framkvæmd á sínu svæði s.s. að annast rekstur stofnana, sinna ráðgjöf og halda utanum einstaklingsmál.



Lög og reglur

Lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem tóku gildi 1. október 2018 og tóku við af lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018038.html>



Reglur BsVest – Samþykktir

- Reglur um stuðningsfjölskyldur
- Reglur um skammtímadvöl
- Reglur um stoðþjónustu
- Reglur um styrk til náms, verkfæra og tækjakaupa
- Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk
- Samþykktir BsVest
- Samstarf og þjónustusamingar BsVest og aðildarsveitarfélaga
- Verklagsreglur stjórnar BsVest



Stjórn BsVest

Í stjórn sitja

- Ólafur Þór Ólafsson formaður stjórnar BsVest, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps
- Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
- Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkur
- Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri Strandabyggðar
- Jóhanna Ösp Einarsdóttir, fyrir hönd FV



Kostnaður, skipting fjármagns

Skipting fjármagns fer eftir þjónustu á hverjum stað fyrir sig, í lok árs þegar ný fjárhagsáætlun er í vinnslu er skipting framlaga sett fram

Í dag er skipting milli þjónustusvæða:

- Ísafjarðarbær: 82,4%
- Félagsþjónustan við Djúp: 10,4%
- Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýsla: 0,4%
- Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps: 3,5%
- BsVest: 3,3%



2022

Framlög og útgjöld fyrir árið 2022. Eins og sést á þessari glæru erum við með rekstrarhalla upp á 150 millj kr.

<u>Samtals félagsþj. og BsVest</u>		721.108.282 kr.
Framlag Jöfnunarsjóðs		480.374.000 kr.
Almenn framlög sveitarfélaga		89.846.818 kr.
Samtals framlög		570.220.818 kr.
Mismunur		-150.887.463 kr.



Vegna rekstrarhalla

- Aðalfundur haldin 2 júlí sl. ályktaði vegna breytingu á framlögum jöfnunarsjóðs á milli áætlana, sem voru um 80 millj. kr.
- Stjórn ályktaði á síðasta stjórnarfundum 1. sept sl. vegna rekstarhalla BsVest og breytingu á milli áætlana hjá jöfnunarsjóð, stjórn var samhljóða um að senda ályktun frá sér á haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið 8-10 september.

Lokaorð

- Hægt er að hafa samband við framkvæmdastjóra BsVest, Sif Huld Albertsdóttur í síma 8401637 eða tölvupóst bsvest@bsvest.is ef það eru einhverjar spurningar sem vakna eða þið viljið kynnst starfinu betur endilega heyrið í mér.
- Einnig bendi ég á bsvest.is þar sem allar helstu upplýsingar er að finna.
- Byggjum upp góða þjónustu og búum íbúum Vestfjarða betra samfélag.
- Samtal og samvinna kemur samfélögunum okkar lengra.



Takk fyrir



Byggðasamlag
Vestfjarða
um málefni fatlaðs fólks